

Fundir vegna vinnslu aðalskipulags Garðabæjar

Dags: 25.11.2015

Kl: 17-19

Staður: Grunnskóli Álftanes

Fulltrúar Garðabæjar: Sigurður Guðmundsson, formaður skipulagsnefndar

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri

Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Fulltrúar ráðgjafa: Árni Ólafsson, verkefnastjóri – Teiknistofa arkitekta

Bergþóra Kristinsdóttir, samgöngusérfræðingur - EFLA

Eva Dís Þórðardóttir, skipulagsfræðingur - EFLA

Yngvi Þór Loftsson, landslagsarkitekt – Landmótun

Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfræðingur – Landmótun

Dagskrá:

1. Sigurður Guðmundsson opnar fundinn
2. Árni Ólafsson kynnir verkefnið og þá kosti sem viðraðir eru

3. Umræður

1. Sigurður fór yfir hvernig fundarröðin er uppbyggð. Gerði fundargestum grein fyrir að 1. desember verði farið mun nánar í umhverfismál og íþróttasvæði.

Sigurður benti á að samráð hefði þegar byrjað við ákveðna hagsmunaaðila t.d. hestamenn, íþróttafélög landeigendur o.fl.

Sigurður fór yfir skipulagsferlið og benti á að hægt væri að koma ábendingum til Garðabæjar í gegnum netið.

2. Árni fór í gegnum kynninguna.
 - Álftanes
 - Garðaholt
 - Vífilsstaðavegur
 - Lyngás – miðbær Garðabær
 - Borgarlína
 - Hafnarfjarðarvegur í stökk
 - Arnarnes
 - Borgarlínan
 - Hvernig byggð?
 - Hnoðraholt – Vífilsstaðir
 - Golfvöllurinn
 - Þróun byggðar frá Hnoðraholti og niður að golfvöllinum?
 - Smalaholt
 - Setberg Svínholt
 - Ofanbyggðavegur

3. Umræður

Spurningar	Svar
Elsa Bjartmars: Vegurinn sem á að vera stofnbraut í gegnum Garðabæ – Hafnarfjarðarvegur. Verður lest þar? Lélegar strætó leiðir eru frá Álftanesi. Verður gert sér bílastæði fyrir fólk sem kemur frá Álftanesi til að leggja bílnum og komast frá þessum aðalpunkti og inn í Reykjavík? Verða ekki brýr yfir til miðbæjar Reykjavíkur eða ferja vegna hækkunar sjávarstöðu? Bráðnun vegna hlýnunar jarðar er ekkert grín! Á að verja byggðina frekar fyrir hækkun sjávar? Skil ekki hvernig þið ætlið að fara að byggja svona mikið ef það fer að flæða yfir allt? Nýi vegurinn - er hann ekki slysaþetta? Hann er svo neðarlega í landi að það skapast mikil hálka!	Sigurður: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir léttlestarkerfi en það er ekki búið að útfæra það frekar. Það getur verið að það verði strætó sem keyri ört og sé á sér akrein. Það hlýtur að koma fram í samkeppninni um rammaskipulagið fyrir miðbæinn sem við erum að fara í. Þetta er punktur sem sérstaklega verður horft til við þá vinnu. Hugmyndin hefur verið um strætóbát frá Seilunni og yfir þar sem að flugvöllurinn er. Kópavogur er með hugmyndasamkeppni um Kársnesið. Þar er stærsta vandamálið hvernig koma eigi íbúunum þar burt af svæðinu. Ég veit að það koma væntanlega lausnir sem nýtast okkur t.d. ferjur sem fara Kársnes – Álftanes og fleiri staði. Þetta er vissulega inni í okkar þælingum. Takk fyrir þetta.
Magnús: Sárt að sjá sumar af þessum hugmyndum sem komið hafa fram hér á þessum fundi. Sveit í borg að breytast í byggð í borg! Forsendurnar sem settar voru fram um þéttleika. Það kærir sig enginn um að búa hérna þegar búið er að byggja upp öll þessi grænu svæði Kom ekki til álita að skoða sameiginlegt skólasvæði Álftanes og Garðaholts og geta þá horft á gisnari byggð á Álftanesi? Var að gera kautilboð í íbúð þar sem útsýnið er út að hestasvæðinu, þetta er í Asparholtinu. Ástæðan fyrir því að við veljum þennan stað er að þetta er sveit í borg. Hvenær er áætlað að byrja að byggja þar sem hesthúsahverfið er? Ég vil að þetta komi til skila að það er verið að skemma mjög mikið þennan stað ef það á að byggja svona rosalega mikið	Sigurður: Nei það var ekki skoðað s.s. sameiginlegt skólasvæði. Ábendingin verður tekin til skoðunar. Þetta tökum við inn í okkar umræðu. Sigurður: Það sem við erum að gera núna er að búa til aðalskipulag sem við stefnum að að staðfesta næsta haust, ekkert hefur verið ákveðið að svo stöddu. Hvenær á að byggja og hvort? Það er líka hlutur sem þarf að koma í umræðuna, hversu hratt ætlum við að byggja upp þessi svæði sem við höfum. Erfitt að svara þessu núna bæði hvenær og hvort.

Pórey: Tek undir allt sem er búið að segja um sveit í borg. Maður fylltist leiða og uppgjöf að hlusta á þessa plönuðu þéttingu byggðar á Álftanesi. Mín spurning er hvort að taka eigi hverja einustu grænu torfu og byggja á henni? Af hverju á að færa golfvöllinn og setja hann við Álftanesveginn?	Sigurður: Ég vil taka fram að það er ekkert búið að ákveða og við erum að draga þessi sjónarmið fram sem þú komst með. Golfvöllurinn er víkjandi á gildandi aðalskipulagi s.s. á ekki að vera þar sem hann er heldur hjá Bessastaðatjörnninni. Þetta er einn af valkostunum en eins og sagt þá er ekkert ákveðið.
Halldór: Kirkjugarður á Smalaholti, af hverju að nota það land. Landi lýst sem fögru móts suðri og gott útsýni. Er það þá gott undir kirkjugarð?	Sigurður: Svo ég svari þessu stutt þá er kirkjugarðurinn á Garðaholti að verða of lítill. Miðað við þann fjölda sem fer þar niður í dag dugar hann ekki nema í 10-15 ár. Ein leiðin er að stækka hann og önnur leið að flytja hann annað t.d. Smalaholt.
Guðmundur: Hugsanlega ný aðstaða fyrir hestamenn við Áhaldahúsið, ertu að meina að þar muni rísa nýtt hesthúsafermi? Já þetta svarar en það eru mikil vonbrigði ef hesthúsbyggðin á að fara upp á Kjóavelli. Á íþróttavöllurinn líka að fara inn í Garðabæ? Okkar skilgreining á sveit í borg? Hestamennskan og þetta gamla yfirbragð. Viðáttan og nándin við náttúruna er það sem togar fólk. Meta þetta sem innistæðu sem við eigum sem við eigum ekki að eyða.	Sigurður: Eins og ég hef heyrt þá hugmynd þá færi hverfið upp á Kjóavelli. En til að halda í sveit í borg þá væri aðstaða fyrir hestamenn við Áhaldahúsið. Veit ekki hvort þetta svari þér? Nei, það er gert áfram ráð fyrir íþróttasvæðinu á sínum stað. Viðbótar svar: Á þessu stigi þá hefur sá kostur að færa hesthúsabyggðina upp á Kjóavelli verið ræddur enging ákvörðun hefur verið tekin um það hann er einn af nokkrum valkostum eins og sá kostur að hafa hesthúsabyggðina áfram á Álftanesi.
Kjartan Örn: Hvað þýðir sveit í borg? Hluti af því að kalla sveit í borg er hestamenningin! Þú talaðir heldur ekkert um það sem skiptir okkur Álfnesinga miklu máli það er fuglalífið. Margæsin sem á sér hér lendingarsvæði sem algjörlega er verið að slaufa fyrir á miðsvæðinu! Grænu svæðin eru einnig hluti af sveit í borg! Sakna þess að sjá ekki tengivegin Vífilstaðaveg við Álftanesveg. Vegna þess að í framtíðinni mun það hjálpa okkur að koma neðanbyggðarveginum á dagskrá! Svo hefur verið mögnuð framþróun s.s. náttúruleg uppbygging á golfvöllinum inni í bænum. Undirstrikar sveit í borg að hafa golfvöllinn. Kostur að hafa þetta opna svæði! Fagna að ákveðin svæði séu sett inn sem byggingarland. Þó að halda eigi í sveit í borg. Halda þarf í græna beltið sem er í gegn þar sem byggðin hefur	

náttúrulega þróast. . Hildigunnur: Flutti hingað vegna þess að ég væri að fara í sveit í borg Sótti eftir því að vera borg í sveit . Ef þið farið að þvera hraunið þá berst ég fram í rauðan dauðann. Gífurlega mótsögn sem hefur komið hérna fram við hlýnun jarðar og hækkun sjávar að ætla svo að byggja og byggja fyrir einkabílinn. Vantar sem fagmanni í skipulagsmálum að hafa hindrunarfletina inni s.s. verndarsvæði, fornminjar o.fl.. Verða þau ekki örugglega inni á kortunum á fundinum í næstu viku? Staðsetning golfvallarins við Skógtjörn, var ekki skoðað hvort það hefði áhrif á margæsina. s.s. staðsetning golfvallarins? Hefur ekki verið skoðað að vernda allt svæðið í kringum Skógtjörnina? Þetta er mikilvægt svæði fyrir margæsina hún á undir högg að sækja og er í útrýmingarhættu! Það hefur verið gerður samningur við umhverfisráðuneytið og við erum búin að samþykkja nokkra alþjóðlega sáttmála. En svo þegar kemur að því að byggja nokkrar íbúðir til viðbótar þá er ekki tekið tillit til alls þess sem unnið hefur verið að?	Arinbjörn: Varðandi uppdrættina og nákvæmni þeirra á þessu stigi þá er mikilvægt að hafa í huga að við erum að velta fyrir okkur valkostum og hugmyndum og kasta fram. Hér hafa komið mjög góðir punktar um þéttingu byggðar og hugmyndir Álfnesinga um sveit í borg. Þessi punktur með skólahverfi og tengingu við Garðaholt. Það er nokkuð sem vel er hægt að skoða . Ekki vera að taka flekana of alvarlega á þessu stigi. Nú er tími til þess að koma með hugmyndir, skrifa greinar og tala við okkur við erum til viðræðu þið getið fengið viðtalstíma hjá okkur og rætt við okkur. Í næstu viku ætlum við að ræða þetta með vernd, fuglana og útivistina. Garðabær er búinn að friðlýsa þriðjung af sínum bæjarhluta og þegar allt verður komið í þeim málum er það næstum um 60% af landssvæði sveitarfélagsins . Hvernig eigum við að halda áfram með það á Álfnesi, hér er mikil hverfisvernd? Það þarf að ræða margæsina, staðsetningu golfvallar, votlendi og allt þetta. Þetta viljum við fá umræðu um. Viðbót: Það var metið og skoðað s.s. verndun svæðisins vegna fuglalífs. Verndunin nær aðeins yfir strandsvæði Skógtjarnar ekki upp á hálsinn þar sem sett var fram hugmynd að staðsetja golfvöllinn. Ávalt er tekið mið af verndarákvæðum við mat á valkostum. Þetta mun koma fram í umhverfismati aðalskipulagsins ef að þessi staðsetning verður tekinn inn sem valkostur. Á þessu stigi er aðeins verið að athuga mögulegar staðsetningar vallarins í framtíðinni.
Margrét: Umferðin er þegar mikil á Álfnesveginum þó svo hann sé nýr! Sé ekki að það gangi upp að stofnbrautin verði eins og hún er miðað við fjölda og fjölgun í framtíðinni! Þarf ekki að huga að tengingunni við Reykjavík? Hefur ekki verið metið hversu mikla umferð vegurinn tekur? En hvað um álagspunktana?	Sigurður: Þetta er góður punktur en við þekkjum þetta öll sem búum í Garðabæ. En miðað við myndina hér þá eru þetta uppbyggingarflekar í Garðabæ, Hafnarfjörður er líka með uppbyggingafleka sem eiga eftir að byggjast upp. Með auknum ferðamannþunga þá vitum við alveg hvernig umferðin verður. Þá er spurning geta menn komið sér saman á höfuðborgarsvæðinu að einhverjir af stærri atvinnurekendum komi t.d. á Vífilsstaði og/eða Vetrarmýri og getum við séð einhverja á Arnarholtinu

	þannig að við fáum einhverja umferð á móti ekki allt niður í 101. Þetta er eitthvað sem þarf að taka upp á svæðisskipulagsstigi . Við þurfum þá að hafa svæði sem bjóða upp á slíkt. Varðandi Garðaholtið þegar ákv. verður að byggja þar þá þarf að meta hversu mikla umferð Arnarnesvegurinn þolir. Eysteinn: Álftanesvegurinn þolir 16.000 bíla á sólarhring. Það eru álagspunktur. Arinbjörn: Í svæðisskipulaginu þá er verið að horfa á Hafnarfjarðarveginn sem stofnveg með fleiri samgöngumátum sem er eins og borgarlínan. Reykjanesbrautin á að vera áfram þessi hefðbundna bílabraut með mislægum tengingum til þess að komast t.d. í austurhluta Reykjavíkur. Mikilvægt er því líka að Álftanesvegurinn tengist áfram og inn á Reykjanesbrautina. Þetta skiptir allt máli í framtíðinni en áhersla svæðisskipulagsins er á aðra samgöngumáta. Góður punktur áðan hjá henni Elsu varðandi lausnir fyrir þá sem búa fjær borgarlinunni s.s. bílastæði. Bílinn verður alltaf megin samgöngumátinn það er eingöngu verið að stefna á að auka almenningssamgöngur upp í 10- 12 % ekkert meira en það. Sigurður: Gert er ráð fyrir Álftanesveginum áfram fyrir aftan Fjarðarkaup og inn á Reykjanesbrautina. Atvinnusvæðin sem ég var að nefna áðan sem geta dreift umferðinni eru við Arnarnesháls og Vífilsstaði/Vetrarmýri (Sigurður benti á kort til að sýna svæðin).
Elsa: Skammsýni að ætla ekki að setja brýr yfir Skerjafjörðinn! Vegna hækkunar sjávar þá er ekki æskilegt að byggja úti á nesinu. Hjá mér fer allt á kaf. Þetta er ekkert grín. Við þurfum að koma betri samgöngum yfir og líka hjá Straumsvík og þar til að hleypa umferð suður eftir. Nú er svo mikil byggð í Hafnarfirði og síðan er mikið af fólki sem kemur af Reykjanesinu til vinnu í Reykjavík. Uppi hafa verið hugmyndir um lengingu úr hrauninu (Gálgahrauninu) þverun í yfir til Kársnes!	Sigurður: Gálgahraunið er friðað. Gunnar: Það er ekki verið að fara í gegnum Gálgahraun - það verður ekki gert.

Hildigunnur: Borgarlínan, fagnar því að sjá hana skila sér inn í aðalskipulag. Hlýnun jarðar og hækkandi sjávarborð, þýðir þá ekki að byggja og byggja fleiri samgöngumannvirki, mótsögn í því! Frekar að byggja upp öflugt almenningssamgöngukerfi? Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu öll með spár sem teljast óraunhæfar að mínu mati hvað varðar uppbyggingu! Okkur hættir að fjölga ca. 2040 ef spár ganga eftir. Hvernig getum við náð í fólk í hverfin sem þegar eru byggð til að klára að byggja þau upp. Mætti horfa til þess þegar lengra er komið inn í vinnuna að forgangsraða uppbyggingu?	Ekki svarað sérstaklega, tekið til skoðunar. Sigurður: Það er alls ekki verið að segja að allir þessir flekar verði byggðir á skipulagtímabilinu. Við erum sammála um almenningssamgöngurnar.
Jóhanna: Tveggja hliðstæðna skóli!. Ef það á að byggja um 400-500 íbúðir til viðbótar. Skólinn er orðinn fullur núna. Ég skil að það minnkar eitthvað og þróast. En að byggja svona mikið þá er ekki verið að tala um tveggja hliðstæðna skóla nema ég hafi misskilið að þið séuð að tala um þriggja hliðstæðna skóla?	Gunnar: Það eru áform um að stækka Álfthanesskóla það hafa verið gerðar teikninga af því og það er á fjárhagsáætlun núna. Já hann verður þriggja hliðstæðna skóli. Það er skoðaða að tengja íþróttahúsið við núverandi skóla. Við þurfum að laga aðstöðu fyrir frístund. En það fer eftir niðurstöðu. Hann stækkar í raun ekki, eða jú vissulega bætast fermetrar við en við erum fyrst og fremst að bæta aðstöðu. Varðandi hraunið sem var rætt hér áðan þá erum við ekki að fara að setja niður holu í Gálgahrauni til að komast yfir til Reykjavíkur. Það er friðlýst það horfir öðruvísi við ef þetta væri hverfisvernd.
Kristófer: Hrýs hugur við þessa miklu byggð sem kynnt eru. Gangna hægt um gleðinnar dyr í þessum málum s.s. uppbyggingu. Austurbærinn hefur farið hægt í alla uppbyggingu og stendur vel á meðan að nærliggjandi sveitarfélög hafa brennt sig af því og eru að vandræðast með sína fjárhagsstöðu. Atvinnustarfsemi inn á Álfthaness. Söknum þess ! Huga að því að bjóða upp á frekari atvinnustarfsemi á miðsvæðinu allavegana skrifstofuhúsnæði. Þó svo við séum að vera íhaldssömu Tenging við Reykjavík! Uppi hafa verið hugmyndir að tengja Álfthaness við Reykjavík og hafa þarf að þann möguleika í sjónmáli. Í gegnum Seiluna eða Bessastaðanes. Hvet menn til að halda tengibrautum og vegaplássi til þess að geta tengt í nærliggjandi framtíð. Við getum ekki séð fyrir okkur hvernig samgöngur verða í framtíðinni!	Sigurður: Varðandi atvinnu uppbyggingu þá hafa menn séð frekar fyrir sér t.d. uppbyggingu við nýja Álfthanessveginn meðfram honum og jafnvel beggja megin við hann (Sigurður bendir á korti á staðsetningu). Varðandi þennan mikla íbúafjölda sem er búið að nefna hérna sem er það mesta sem hægt er að byggja upp í. Núverandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir ca. 1000 einingum í dag. Vaðandi umferðina þá á eftir að koma mislæg gatnamót í Engidalnum. Gunnar: Engidalurinn mislægum gatnamótin, þau voru á áætlun en við erum ekki að sjá þau næstu 20 árin eða svo. Varðandi Vífilstaðaveg/Hafnarfjarðarveg þar áttu að vera mislæg gatnamót. Það var reiknað út þá sem var í hruninu að það kostaði 3 milljarða. Síðan þá hefur þetta ekki verið nefnt sem valkostur. við erum með ósk inni hjá vegagerðinni og ríkinu um að breikka gatnamótin ekki ósvipað og Engidalnum til að losa um þann tappa. Það er framkvæmd upp á 300 -400 milljónir og við erum nokkuð vongóð um að fá það inn sem fyrstu skref. Menn eru með

Tappinn er við Ásgarð og lítið þarf að bregða út af þar. Það þarf að hugsa aðrar lausnir þar. Engidalurinn sleppur en með viðbótar uppbyggingu þá verður líka tappi þar!	misjafnar skoðanir á mislægum gatnamótum en það eru gífurlegir fjármunir í þeim. Síðan hefur verið hugmynd um að setja Hafnarfjarðarveginn í stökk frá Engidalnum sem komi upp við Arnarnes en 1 km í stökk er milljarður en þetta er framtíðarsýn. Samkeppnin sem verður um Lyngássvæðið þar er hugmyndafræði um að vegurinn fari í stökk og borgarlinan í gegn.
Nú eru þegar 450 börn í Álfstanesskóla þannig að það eru rúmlega 40 börn í árgangi. Þið talið um að til þess að gott sé að vera með 2 hliðstæðna skóla þarf að vera ca. 1500 íbúðir. En nú þegar er skólinn það fjölmennur og það er á dagskrá að byggja við og bæta aðstöðu. Mér finnst mikilvægt að tekið sé tillit til þess í þessari vinnu hvort að börnum fjölgi ennþá meira.	Sigurður: Það er talað um 1200 -1500 íbúðir til þess að það sé hagkvæmt Gunnar: Grunnskólabörn og fjölgun þeirra kemur í bylgjum. Við höfum aldrei byggt fyrir toppinn. Nýtt hverfi er í svona 11-16% en á Álfstanesi er það mun hærra eða um 19%. Við byggjum fyrir meðaltal og bætum það svo með færanlegum stofum. Þetta hefur gengið vel og við höldum því áfram. En fjöldinn fer niður á einhverju tímabili. Við þurfum að hafa jafnvægi í þessu til að halda í sveit í borg en við þurfum líka að vera opin fyrir breytingum s.s. frampróun án þess að kasta öllu gömlu út.
Á að færa íþróttasvæðið frá Ásgarði og í Vetrarmýrina?	Sigurður: Nei það er hugsað sem viðbótarsvæði.
Bessastaðanesið, hvað á að gera þar ?	Sigurður: Kominn nýr landnotkunarflokkur. Forsetinn vildi ekki nýta landið neitt meira s.s. ekki setja neitt þarna. Menn hafa valið að fara ekkert í sérstaka baráttu um að nýta það með öðrum hætti.
Erla B umhverfisstjóri: Nákvæm rannsókn var gerð árið 2014 á margæsinni.	

Skógtjörnin er mikilvæg en mikilvægast er að halda túnunum slegnum því þar vill hún vera. Er þá ekki Bessastaðanesið best undir hana?	
Guðni Pálsson: Er ekki hugsanlegt að á Seilunni væri hægt að byggja lágreist hótél í tengslum við náttúruna með góðri tengingu við miðbæ Reykjavíkur? Er ekki mögulegt að bjóða Landsspítalanum Vífilsstaði? Stokkurinn – Hafnarfjarðarvegur það yrði þá að vera borgarstræti, ekki þannig að farið verði í svarta holu. Tengingin í gegnum Sjálandið með Vífilsstaðavegi verður að vera. Þegar snjóar þá verða miklar tafir og þessi tenging getur auðveldað það	Sigurður: Við höfum margoft bent á Vífilsstaðasvæðið undir Landsspítalann. Við tökum þessar athugasemdir niður.

Sigurður lokaði fundinum og benti fólki á að hægt sé að senda inn athugasemdir eða ábendingar til 11. janúar 2016.

Fundi slitið kl: 19:00